

Mál nr. 162/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatr. ökumanns og eiganda bifhjólans A

Umferðaróhapp þegar maður féll af mótörhjólum þ.18.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 2. 6.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M féll af mótörhjólum sem hann ók og varð fyrir slysi m.a. höfuðmeiðslum þegar hann ók hjólinu án þess að vera með hjálm á höfðinu. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns. Ekki er ágreiningur um það að M eigi rétt á bótum en V vill skerða bætur til M um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis, þar sem hann hafi í umrætt sinn ekið án þess að nota viðurkenndan hlífðarbúnað þ.á.m. höfuðhjálms en lögmaður M krefst þess að hann fái tjón sitt bætt a fullu og færir fyrir því rök og vísar í dóma máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort að M eigi rétt að fá tjón sitt bætt að fullu eða verði að þola skerðingu vegna stórkostlegs gáleysis. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M verði að bera 1/3 tjónsins vegna þess að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að aka án hlífðarhjálms eða hlífðarfatnaðs. Í 72. gr umferðarlaga nr. 50/1987 er áskilið að hver sá sem er á bifhjólum skuli nota m.a. viðurkenndan hlífðarhjálms. M fór ekki að framangreindu ákvæði 72.gr. umferðarlaga og sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi og verður því að sæta því að eiga rétt á bótum en þær séu skertar um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis M í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V en ber 1/3 tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 16.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.